

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1910.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 20. apríl 1910 (A nr. 3, bls. 6—7).

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Noregs, undirskrifuð af konungi 29. apríl 1910 (A nr. 4, bls. 8—9).

Auglýsing um prófregluggjörð fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík, undirskrifuð af ráðherra 20. maí 1910 (A nr. 5, bls. 10—19).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 27. maí 1910 (A nr. 6, bls. 20—21).

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um hlunnindi handa sparisjóði Keldhverfinga. **87**
22. júní

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðs Keldhverfinga, vill stjórnarráðið hérmeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. jan. næstkomandi hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið, til birtingar fyrir stjórnarnefnd sparisjóðsins.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaffafellssýslu um flutning þingstaðar. **88**
13. júlí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 29. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hörgslandshreppi, veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Fossi að Múla koti, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.